

Fimm minntum áður en skipið sökk komust allir sem eftir voru um borð í gúmbjörgunarbát frá togaranum Júpíter.

Togarinn Elliði frá Siglufirði fórst 25 sjómíllur norðvestur af Öndverðanesi 10 febrúar 1962.

Veðrið var mjög slæmt er leki kom að skipinu. Fljótlega fór það að halla og smátt og smátt rétti skipið sig ekki við aftur. Samband náðist ekki við nærstödd skip vegna þessara veðurskilyrða og var því Ríkisútvarpið beðið að tilkynna vandræði Elliða og skip á Faxaflóa beðin að hlusta á neyðarbylgjuna 2182 KHz. Togarinn Júpíter reyndist vera styst frá Elliða. Loftskeytamenn skipanna voru í stöðugu sambandi eftir það, þar til Elliði sökk.

Sigling Júpíters tók nokkra klukkutíma. Á meðan slitnuðu tveir af þrem gúmbjörgunarbátum Elliða frá og hurfu út í sortann. Annar með tveim mönnum en hinn mannlaus. Þriðji báturinn reyndist ónýtur. Skömmu áður en Elliði sökk kom togarinn Júpíter að honum. Með skotlínu frá Elliða tókst að draga gúmmíbjörgunarbát frá Júpíter og í hann fóru allir sem eftir voru, 26 menn, þó báturinn væri gerður fyrir færri. Áhöfnin var enn í bátnum er Elliði sökk og náðist ekki um borð í Júpíter fyrr en hálf tíma síðar. Allir björguðust nema þeir tveir sem voru í gúmbátum sem slitnað hafði frá áður.

Orðrétt haft eftir loftskeytamanninum Birgir Óskarssyni sem var á Elliða: "***Við vorum sem sé ekki komnir í Júpíter þegar Elliði sökk, við vorum í gúmbjörgunarbát er við höfðum dregið frá Júpíter og þegar Elliði sökk vorum við næstum sokknir með því okkur rak undir skrúfunu þegar Elliði stakk sér í djúpið, það var þrekmikill bátsmaður sem ýtti okkur undan skrúfunni sem ætlaði oní þak gúmbátsins er togarinn fór niður***".

Heyra má fjarskiptin milli Elliða og Júpíters ásamt öðrum skipum sem stóðu að þessari björgun í "M.P.PEDERSEN" tækjunum hér, sem eru samskonar og voru um borð í togaranum Elliða. Upptakan er frá dagblaðinu Tímanum. Á þessum árum var á flestum fréttastofum stuttbylgjuviðtæki eins og eru hér við hliðina til að fylgjast með fréttum utan úr heimi. Þessi umræddu fjarskipti fóru fram á svokallaðri "Bátabylgju" eins og það var kallað á þeim tíma.

Samantekt Sigurður Harðarson rafeindavirki

